

Bæjarráð Mosfellsbæjar  
B.t. Haraldar Sverrissonar

Mosfellsbær 3. september 2019

Efni: Staða húsnæðismála í Varmárskóla

Stjórn foreldrafélags Varmárskóla fagnar þeim árangri sem náðst hefur í framkvæmdum sumarsins og virðist vel að því staðið sem lokið er, en talsvert verk er þó eftir. Í þeim áskorunum sem skólasamfélagið stendur frammi fyrir í Varmárskóla er mikilvægt að upplýsingaflæði sé gott eins og fram kom á upplýsingafundum í júní en þá óskuðu foreldrar eftir að haldinn yrði sambærilegur upplýsingafundur áður en skóli hæfist. Stjórn foreldrafélagsins sendi ítrekað beiðnir á bæjarstjóra, umhverfissvið, fræðslusvið og skólastýrur um að halda opinn upplýsingafundur um umbætur á skólahúsnæði Varmárskóla áður en skólahald færi af stað. Í fréttatilkynningu á vef bæjarins 20. ágúst kemur fram:

*„...að boðað verði til almenns upplýsingafundar um endurbætur og viðhald bygginga Varmárskóla og að hann verði sambærilegur þeim tveim fundum sem haldnir voru í júní fyrir foreldra barna í Varmárskóla.“*

<http://www.mosfellsbaer.is/forsida/frettir/frett/2019/08/20/Endurbaetur-og-vidhald-bygginga-Varmarskola-og-skolasetning/>

Í svörum bæjarstjóra til stjórnar foreldrafélagsins dagsett 19. og 22. ágúst er einnig talað um almennan upplýsingafund fyrir foreldra (sjá fylgiskjöl). Því miður hefur ekki enn orðið af þeim upplýsingafundi sem lofað var. Það hefur skapað óvissu og ólgu meðal foreldra. Dæmi eru um að foreldrar treysti sér ekki til að senda viðkvæm börn sín í skólann enda mörgum spurningum ósvarað og engin ný gögn verið lögð fram. Eftir beiðnir frá stjórn foreldrafélagsins um upplýsingafund fyrir skólasetningu birtist önnur tilkynning á vef bæjarins þann 27. ágúst um:

*“...að skólastjórnendur í Varmárskóla, fulltrúar umhverfissviðs og verkfræðistofunnar EFLU muni á næstu dögum funda með foreldrum í hverjum árgangi fyrir sig og meðal annars fjalla um stöðu framkvæmdanna sem sé lokið í öllum meginatriðum.“*

<http://www.mosfellsbaer.is/forsida/frettir/frett/2019/08/27/VEGNA-YFIRLYSINGAR-STJORNAR-FORELDRAFELAGS-VARMARSKOLA/>

Ekki var hægt að halda opinn upplýsingafund fyrir foreldra fyrir skólasetningu en í kjölfar áhuga fjölmiðla voru fyrirhugaðir 10 árgangafundir með sérfræðingum. Þessa dagana fá foreldrar hins vegar fundarboð á árgangafundina þar sem fundarefnið er allt annað:

*„...ástundun, námið, skólareglur, sérkennsla og önnur mál. Eftir fundinn er foreldrum boðið að skoða húsnæðið og fulltrúar umhverfissviðs verða til svara um framkvæmdirnar sem gerðar hafa verið á húsnæði skólans.“*

Tíu fundir á jafnmörgum dögum til a.m.k. 17. september þar sem húsnæðismálin eru ekki á dagskrá, sérfræðingar EFLU ekki á staðnum, engin yfirferð yfir stöðu mála eða tækifæri til fyrirspurna heldur geta foreldrar að virðist rölt sjálfir um og leitað uppi fulltrúa umhverfissviðs. Á sama tíma eru nemendur í húsnæðinu en foreldrar hafa lagt áherslu á að halda börnunum utan við þessa umræðu og áhyggjur foreldra.

Það hefur verið látið í veðri vaka að framkvæmdum vegna rakaskemmda sé í meginatriðum lokið eða því sem næst. Erfitt er að komast að þeirri niðurstöðu þegar samantekt á stöðu endurbóta og viðhaldi við skólasetningu er skoðuð í frétt á vef bæjarins frá 22. ágúst.

<http://www.mosfellsbaer.is/forsida/frettir/frett/2019/08/22/Endurbaetur-og-vidhald-Varmarskola-stadan-vid-skolasetningu/>

Stjórn foreldrafélagsins skorar á bæinn að standa við gefin loforð og halda umræddan upplýsingafund sem fyrst fyrir foreldra þar sem fulltrúar EFLU fara yfir framkvæmdir sumarsins, stöðuna eins og hún er í dag og hvað er framundan. Mikilvægt er að eyða óvissu og gefa foreldrum tækifæri að leita svara við áhyggjum sínum sem eru margvíslegar:

- Hvaða viðbótar niðurstöður úr sýnatökum eru komnar síðan á júnífundunum?
- Hefur farið fram loftgæðamæling vegna eiturefna í þeim hlutum húsnæðis sem unnið hefur verið í áður en skólalagd hófst? Ef svo er, hverjar eru niðurstöður þeirra mælinga?
- Liggur fyrir tímasett framkvæmdaáætlun til kynningar?

- Hvenær verður farið í lagfæringar á rakaskemmdum í lausum stofum og hvaða úrlausnir eru fyrirhugaðar barnanna vegna meðan á framkvæmdum stendur?
- Hvenær verða niðurstöður og tillögur til úrbóta kynntar fyrir Selið og Brúarland?
- Hvenær verður farið í bráðabirgðaaðgerðir á þaki austurálmú yngri deildar og Kringlu til að koma í veg fyrir loftleka?
- Hvenær er áætlað að fara í hreinsun og tiltekt á þakrými eldri deildar og þetta lofleka?
- Hver eru helstu heilsufarslegu einkenni sem koma fram í rakaskemmdu húsnæði?
- Hvenær verða rakaskemmdir á útvegg í aðstöðu skólahljómsveitar lagfærðar?
- Hvenær verður lagfæringum á bókasafni yngri deildar lokið og hvert er ástand bóka?
- Hvert er ástand bóka á bókasafni eldri deildar eftir viðgerðir á veggjum og gólfi?
- Sýnatökur leiddu í ljós að farga þurfti öllu í bókageymslu yngri deildar. Hvað með aðrar bækur og námsgögn sem hafa verið í geymd í umræddri geymslu síðastliðið ár?
- Hvernig er ástand innanstokksmuna á rakaskemmdum/viðgerðum svæðum?
- Hvenær er áætlað að ljúka viðgerðum á staðbundnum rakaskemmdum sem er að finna víðs vegar í húsnæði bæði yngri og eldri deildar?
- Eru sýntökur hafnar í íþróttahúsi og félagsmiðstöðinni Bólinu? Ef svo er hvenær verða niðurstöður kynntar?

Hafa verður í huga að ónæmiskerfi nemenda og starfsfólks skólans hefur verið undir álagi um árabíl vegna ástands húsnæðisins og því er nauðsynlegt fyrir foreldra að þekkja einkennin til að geta brugðist við ef einkenna verður vart nú að sumarleyfi loknu. Nauðsynlegt er að foreldrar fái þá fræðslu hjá sérfræðingum EFLU ásamt upplýsingum um hvert þeir eigi að tilkynna ef vart verður við einkenni.

Virðingarfyllt,

Stjórn foreldrafélags Varmárskóla

Afrit sent á: framkvæmdastjóra umhverfissviðs, framkvæmdastjóra fræðslusviðs og skólastjóra Varmárskóla.

Hjálagt: Samskipti við bæinn vegna stöðu húsnæðismála haustið 2019

Mosfellsbær 16.ágúst 2019

Bæjarstjóri  
Haraldur Sverrisson

Foreldrafélag Varmárskóla telur brýna nauðsyn til að halda opinn fund fyrir foreldra barna í Varmárskóla, sambærilegan þeim opna fundi um húsnæðismál sem haldinn var fyrir í sumar fyrir foreldra með EFLU og starfsmönnum bæjarins.

Foreldrar eru mjög uggandi yfir velferð barna sinna nú þegar skólastarf á að hefjast. Þessari óvissu þarf að eyða, þannig að foreldrar geti treyst því að börnin séu í heilbrigðu öruggu húsnæði við vinnu sína. Ábyrgð bæjarins er mikil þegar heilbrigði barnanna er annars vegar.

Skorað er á bæjaryfirvöld að bregðast strax við og halda fundinn nú fyrir skólabyrjun.

Stjórn foreldrafélags Varmárskóla

Afrit sent á: framkvæmdastjóra fræðsluviðs, framkvæmdastjóra umhverfissviðs, forstöðumann þjónustu-og samskiptadeildar og skólastjóra Varmárskóla

Mosfellsbær 19. ágúst 2019

Komið þið sæl og kærar þakkir fyrir póstinn

Eins og foreldrum barna í Varmárskóla er kunnugt og upplýst hefur verið um standa yfir endurbætur og viðhald á byggingum Varmárskóla.

Í allri þessari vinnu er ekkert hús undanskilið og verktakar Mosfellsbæjar, umhverfissvið og verkfræðistofan Efla sinna því verkefni í samvinnu við skólastjórnendur að sjá til þess að húsnæði skólans verði tilbúið til notkunar við skólasetningu næsta föstudag.

Við skólasetningu munu skólastjórar því gera grein fyrir framkvæmdunum og eðli þeirra.

Hins vegar stendur til að halda almennan upplýsingafund um endurbætur og viðhald bygginga Varmárskóla í byrjun september sem yrði þá sambærilegur þeim fundum sem haldnir voru í júní og kynnt var þá.

Vona að þetta svari spurningum ykkar.

Mbk, Haraldur Sverrisson bæjarstjóri

Mosfellsbær 21. ágúst 2019

Sæll Haraldur,

með tilvísun í svar þitt við ósk foreldrafélagsins um upplýsingafund vegna stöðu framkvæmda í húsnæði Varmárskóla eru það vonbrigði hve upplýsingaflæði sem lofað var á fundunum í júní hefur verið takmarkað. Foreldrar vilja treysta á góða samvinnu við bæjaryfirvöld um þau úrlausnarefni sem eru uppi og því afleitt að foreldrar upplifi óvissu nú þegar komið er að skólasetningu.

Foreldrar barna og þó sérstaklega þeirra sem eru viðkvæm ofnæmisbörn hafa miklar áhyggjur og velta fyrir sér hvort húsnæðið uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til heilbrigðs húsnæðis. Þessum efa er nauðsynlegt að eyða hið fyrsta. Skólasetning þar sem börnin eru viðstödd er ekki staður né stund að fara yfir framkvæmdir sumarsins og stöðu húsnæðisins. Þær áhyggjur eiga ekki heima hjá börnunum okkar.

Foreldrar verða að fá tækifæri til öðlast skilning á stöðu mála og geta spurt um það sem brennur á þeim áður en þeir senda börn sín í skólann. Sýnum börnum og foreldrum virðingu við upphaf skólaársins og göngum jákvæð til verks. Skorum því á bæjaryfirvöld að halda upplýsingafundinn fyrir skólasetningu.

Með vinsemd og virðingu,  
Stjórn foreldrafélags Varmárskóla

Mosfellsbær 22. ágúst 2019

Komið þið sæl

Ég óskaði eftir því við skólastjóra Varmárskóla í gær að sjá til þess að tekið verði saman heildstætt yfirlit yfir stöðu framkvæmda í byggingum Varmárskóla við skólasetningu. Efni sem þær munu senda skólasamfélaginu síðar í dag, fimmtudaginn 22. ágúst.

Það hefði verið fullkomlega óábyrgt af mér sem bæjarstjóra að taka starfsmenn umhverfissviðs, starfsmenn EFLU og skólastjórnendur, sem allir gegna lykilhlutverki við lokafrágang framkvæmda í þessari viku, úr sínum verkefnum til þess að undirbúa og framkvæma kynningarfund á verki sem er enn í vinnslu út daginn í dag.

Að mínu mati hefur upplýsingagjöf verið með ágætum og fréttir skrifaðar með reglubundnum hætti. Þá höfum við haldið fundi samkvæmt áætlun og næsti kynningarfundur verður í byrjun september.

Verktakar, umhverfissvið, EFLA og skólastjórnendur hafa að mínu mati lyft grettistaki við þessar framkvæmdir og náð undraverðum árangri á skömmum tíma.

Þá hafa kjörnir fulltrúar stutt við verkefnið á öllum stigum í því sem næst órofa samstöðu sem skiptir miklu máli fyrir verkefni af þessu umfangi.

Ég hvet stjórn foreldrafélagsins eindregið til þess að taka höndum saman við þá aðila sem unnið hafa að endurbótum og viðhaldi Varmárskóla og taki þátt í því með okkur öllum að gera góðan skóla betri.

Með kveðju

Haraldur Sverrisson

Bæjarstjóri

Gildi Mosfellsbæjar:

Virðing - Jákvæðni - Framsækni - Umhyggja